


Jafnréttis- og jafnlaunastefna

.origo.



Hlutverk Origo er að virkja hugvit starfsfólks til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Eitt af markmiðum okkar er að vera eftirsóttasti vinnustaðurinn og að laða til okkar öflugt fólk með sérþekkingu af ólíkum uppruna og báðum kynjum.

Jafnréttis- og jafnlaunastefna þessi er sett á grundvelli laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stjórnendum og starfsfólki er gert að fylgja henni til að stuðla að auknu jafnrétti á vinnustaðnum og til að ná því markmiði að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir alla, óháð kyni, kynferði eða uppruna.

Jöfn kjör og hlunnindi

Kynbundinn launamunur líðst ekki hjá fyrirtækinu. Það skal greiða þeim sem sinna jafnverðmætum störfum sömu laun og hlunnindi. Fyrirtækið skal öðlast jafnlaunavottun skv. Jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.




Jafnir möguleikar til þátttöku í verkefnum

Við úthlutun verkefna og skipan í vinnuhópa skal leitast við að hafa bæði konur og karla til að tryggja sjónarmið beggja kynja.



Sömu tækifæri til starfsþróunar

Starfsfólk skal eiga jafna möguleika til endurmenntunar, símenntunar og þróunar í starfi. Kyn, kynferði eða uppruni skal ekki hafa áhrif á tækifæri til starfsframa.




Fjölskylduvænn vinnustaður

Leitast skal við að auðvelda starfsfólki að samræma vinnu og einkalíf með sveigjanlegu starfsumhverfi, þar sem því verður komið við. Karlar eru hvattir til að nýta sér rétt sinn til fæðingar- og feðraorlofs til jafns við konur.


Aukið jafnvægi kynja í starfseiningum og störfum

Vinna skal markvisst að því að minnka kynjahalla í þeim starfseiningum þar sem hallar á annað kynið. Engin störf skulu flokkuð sem kvenna eða karlastörf.



Jafnt hlutfall kynja hjá stjórnendum

Leitast skal við að jafna hlutfall kynja í stjórnendastöðum í fyrirtækinu.



Tækifæri til starfa

Karlar og konur skulu hafa jöfn tækifæri til starfa hjá Origo.

Ofbeldi er ekki liðið

Einelti, fordómar, kynferðisleg- og kynbundið áreitni eða annarskonar ofbeldi er ekki liðið. Starfsfólk skal koma fram af virðingu við hvort annað.